



„Þetta selafár sem nú hefur gripið nokkra menn er hreint frumhlaup að selnum – æðisgengin vitleysa – meðan ekki liggja fyrir öruggari sannanir um skaðsemi hans en nú eru fyrir hendi. Og viðskilnaður selamorðingjanna við bráð sína, sem til sýnis hefur verið í blöðum, fyrir neðan allar hellur“



og eyjabyggðin hélst nokkurn veginn óskert, kom ekki ósjaldan fyrir, þegar eyjarnar voru „hreinsoðar“ á vorin, að gengið væri fram á beinagrindur úr sel við flæðarmál, og „vargurinn“ hreinsað svo vandlega, að betur hefði það ekki verið gert af fagmönnum um þessar mundir. En aldrei minnst ég þess, að einn einasti fugl lægi dauður við beinagrindurnar eða í nágrenni þeirra, hafa selirnir þó fráleitt verið spiklausir þegar þeir hreptu sinn aldurtíla.

Þetta er ekki sagt í þeim tilgangi að taka undir málstað selamorðingjanna, síður en svo. – Selnum fylgir líf og fjör, og þrýði er að honum við landsteina þar sem hann er. – Nógur mun dauðinn við útkálka og afskekktustu byggðir landsins, þótt nokkur hjón sela fá að njóta þar náttúrunnar í friði.

Þetta selafár sem nú hefur gripið nokkra menn, er hreint frumhlaup að selnum – æðisgengin vitleysa – meðan ekki liggja fyrir öruggari sannanir um skaðsemi hans en nú eru fyrir hendi. Og viðskilnaður selamorðingjanna við bráð sína, sem til sýnis hefur verið í blöðum, fyrir neðan allar hellur. Menn sem gera sig bera að slíkum sóðaskap og síðleysi á tvímælalaust að svipta byssuleyfi. Ég efast um, að slíkur ruddaskapur eigi sér stað meðal hvíttra veiðimanna í heiminum um þessar mundir. – Séu ekki fyrir hendi lög sem banna slíkt, verður að gefa út bráðabirgðalög til að stöðva ósömann.

Bergsveinn Skúlason.



ef til vill frumlegustu munirnir á sýningunni, hvað efni við kemur.

Lítið er um tálgaðan stein hér, þótt margar bergtegundir sé unnt að tálga. Væri það vel þess virði fyrir þá, sem vinna að smíði kjörgripa, að kanna svona stein ofurlítið nánar.

Ekki er sagt frá því hvar Eymundur fékk sinn tálguastein, en Grænlingar ganga að slíkum steini á ákveðnum stöðum í sínu landi og hafa gjört um aldri. Úr tálguasteini smíðuðu þeir áhöld og muni til að gleðja augað.

Þá er aðeins ótalið heimasmíðað

reidhjól Sigurðar Filippussonar, Hólabrekku 2, sem er geysi mikið fjölmúla-vífl, traust, þungt, en án efa þægilegt. Það er með girum, og fjáðrar á gormum að framan og aftan. Ekki veit ég hvert Sigurður sækir fyrirmyndina að reidhjóli sínu, en það er ekki á allra færi að smíða slíkan grip.

Þar með er upp talið það, sem sýnt er af bjargráðum íslenskra hagleiksmanna; þeirri handmennt, er maður óttast að sé að vika fyrir nýjum síðum. Sérhæfingin hefur kosti, en úrráðaleysi manna er oft skelfilegt þegar að handmenntum kem-


ur. Um það getur undirritaður vitnað og tekið sig sjálfan sem dæmi.

Jónas Guðmundsson

Jónas Guðmundsson skrifar um myndlist



samvinnuþættir



■ Suðureyri.

HLUTDRÆGNI

■ Alltaf er eitthvað að gerast á vettvangi daglegs lífs sem vekur athygli og sem fjölmiðlar taka til meðferðar. Fyrir nokkrum mánuðum var Suðureyri á dagskrá. Tilefnið varð að þar vildu eigendur frystihúss draga sig í hlé frá erilsömu og erfiðu hlutverki. Í heima-byggðinni var enginn til að hlaupa í skarðið.

Eftir að menn höfðu skoðað hug sinn fannst ekki annað ráð vænlegra en að leita til samvinnusamtakanna um nýja daglega forystu.

Þess saust glögg merki að sú þróun sem þar var á ferðinni var lítt að skapi Morgunblaðsmanna. Þeir sáu draug í hverju horni og beint og óbeint hafa þeir reynt að draga kjark úr Súgfirðingum og þeir láta sem ástand í atvinnumálum sé þar annað og verra en í öðrum útvegsplássum

Morgunblaðið leggur sig fram við að búa til fréttir og koma þeim á framfæri með stórum fyrirsögnum. Heimamenn í Súgandafirði hafa að visu leitast við að leiðrétta ófugmæli Morgunblaðsins, en sóm er þess gerð.

Það er að sjálfsögðu öllum ljóst, að þess er ekki að vanta, að skyndileg og vernandi staða sjávarútvegs og frystihúsa fari framhjá útgerðarstað og sjávarþorpi eins og Suðureyri. Heildarstaðan og áhrif hinnar neikvæðu sveiflu fer þó mjög eftir því, hvernig við er brugðist.

Samvinnusamtökin komu til liðs við Súgfirðinga þegar að syrti og til þeirra var leitað. Aflatregða og fleira hefir að visu trufað atvinnustarfsemi og framleiðslu Vestfirðinga sem annarra landshluta að undanfögnu. Þrátt fyrir þetta hafi frystihús Súgfirðinga framleitt 850 tonn af frystum fiski frá áramótum til 10. júlí. Þar til viðbótar kemur saltfisks- og skreidarverkun. Og óhætt er að fullyrða að það er enginn uppgjafarblær yfir daglegu lífi á þessum slóðum. Þar er unnið að framleiðslustörfum þrátt fyrir yfirstandandi erfiðleika og tekist hefir að treysta atvinnugrundvöll byggðarlagsins án þess að til stöðvunar kæmi þegar einkaaðilar þeir sem boríð höfuðu uppi starfseminna á undangengnum árum ákváðu að draga sig í hlé.

Ekki þarf langt að leita að frekara fréttabrengli Morgunblaðsins. Undanfarna mánuði hefir verið tekist á um það, hvaða launakjör landsmenn skuli búa við. Annarsvegar hafa staðið samtök daglaunamanna, sem einna lægst eru launaðir, en hinu megin viðsejendur þeirra þ.e. Vinnuveitendasambandið og félagsamtök samvinnumanna. Lengi vel gekk hvorki né rak. Ljóst varð að samtök heildsalanna og annarra atvinnurekenda og samvinnumenn áttu ekki

sameið. Þegar það kom fram fóru Vinnuveitendasamtökin nánast í fýlu. Þau neituðu að anda að sér sama lofti og samningamenn samvinnufélaganna. Framvinda mála varð hinsvegar sú, að samtök samvinnumanna brutu skarð í múrinn og opnuðu leið til viðhlítandi sáttagerðar. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem þannig tekst til. Vinnuálagssamband samvinnufélaganna hefir oft átt hlut að því að brúa bil milli stríðandi afla. Fréttir af slíku tagi eru hinsvegar ekki í hávegum hafðar í herbúðum Morgunblaðsins og er á síðum þess ætlað lítið rúm ef þeirra er þá að nokkru getið.

Þessa dagana gefur að líta nýtt dæmi sama eðlis. Morgunblaðsmenn segja að SIS sé með eignarhlut sínum í flugfélaginu Arnarflug og afskiptum sínum af flugmálum að seilast til áhrifa og valda á þessu sviði og að afskipti þess hafi veruleg áhrif á rekstur Flugleiða.

Hér er vissulega frjálslega farið með staðreyndir. Samvinnufyrirtæki eiga nokkur hlutabréf í Arnarflugi. Aðild þeirra er sem næst 15% hlutfjár. Allir sem til hlutafélaga þekkja vita að slíkur minnihlutaaðili ræður almennt ekki stefnumörkun eða ákvörðunum.

Sama máli gegnir um Flugleiðir. Samvinnusamtökin lögðu að visu fram nokkurt hlutafé á sínum tíma og eiga smáhlut í því félagi. Sá þáttur er þó svo óverulegur, að Sambandið getur ekki talið sér til tekna það sem það félag hefir vel gert og ekki ber það ábyrgð á því sem farið hefir þar úr skorðum.

Einn af núverandi stjórnarmönnum Flugleiða gerði á næst seinasta aðalfundi félagsins harða hríð að forráðamönnum þessa félags sem er einna stærst í sniðinu með ríkisábyrgðir, rekstrarhalla og skuldir allra íslenskra fyrirtækja. Öll kann sú ádeila að hafa verið réttmat og hún vakti athygli fundarmanna, en Morgunblaðið fór léttum höndum um þessa frétt. Óhætt mun að fullyrða að annað letur hefði verið notað og annar tónn viðhafður ef samvinnufyrirtæki hefði átt hlut að máli. Og þessa dagana vekur það athygli, að enn á ný biður þetta græna tré einkarekstursmanna um hjálp og eftirgjöf gjalda sem einfaldlega þýðir það, að hinn almenni skattborgari verður að bæta við útgjöld sín samsvarandi upphæð.

Þegar sæmilega hefir árað fyrir Flugleiðir hafa Morgunblaðsmenn ekki legið á liði sínu við að koma fréttum af velgengi þess til almennings. Þá hefir einkaframtæki og yfirburðum þess verið sungið lof og dýrd. En þegar á móti blas er hofmóðurinn heldur minni. Þá biðja furstar einkarekstursins um ríkishjálp og ríkisástoð.

Hjörtur Hjartar skrifar

